

# Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

**Fundargerð 10. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**  
**Fundur haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þriðjudaginn 20. janúar 2015 kl. 13.00**

## Dagskrá:

1. Lokadrög að samningi um sóknaráætlun landshluta 2015-2019
2. Skipting fjármuna til landshluta
3. Frumvarp um byggðáætlun/sóknaráætlanir
4. Önnur mál.
  - a) Lógó fyrir sóknaráætlanir landshluta

**Mættir:** Torfi Jóhannesson formaður (ANR), Elvar Knútur Valsson (ANR), Hafsteinn Pálsson (UAR) varamaður Steinunnar, Heiður Björnsdóttir (VEL), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Karl Björnsson (Sambandinu), Stefanía Traustadóttir (IRR), Unnur Orradóttir Ramette (UTN) og Þórarinn V. Sólmundarson (MMR). Auk þeirra sátu fundinn Baldur Sigmundsson (ANR) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá var Aðalsteinn Óskarsson (landshlutasamtökunum) með á símafundi frá Ísafirði.

**Fjarverandi:** Pétur Berg Matthíasson (FJR).

Fundargerð 9. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

## Umfjöllun og afgreiðsla:

### 1. Lokadrög að samningi um sóknaráætlun landshluta 2015-2019

Fundarmenn höfðu fengið send ný drög að samningi, merkt lokadrög, dags. 19. janúar. Formaður og verkefnisstjóri hafa farið yfir athugasemdir frá landshlutunum og tekið tillit til þeirra eins og kostur er. Þá hafa þau fundað með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og fleirum.

Farið var yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á samningnum og lítilsháttar breytingar gerðar. Meðal helstu breytinga sem gerðar hafa verið á samningnum milli funda er að horfið er frá því að hafa úthlutunarreglur sem viðauka við samninginn. Þess í stað eru nokkur atriði hans skrifuð inn í samninginn og landshlutasamtökunum gert að setja sér verklagsreglur varðandi úthlutanir. Stýrihópurinn mun útbúa leiðbeiningar sem landshlutasamtökin geta stuðst við meðal annars í þeim tilgangi að til verði samræmdir árangursmælikvarðar fyrir verkefni.

Formaður dreifði flæðiritum sem sýna annars vegar heildarfjármagn til sóknaráætlanasamninga og hins vegar dæmi um skiptinguna hjá einum landshluta.

Stýrihópurinn samþykkir samninginn með þeim breytingum sem fundurinn lagði til.

### 2. Skipting fjármuna til landshluta

Formaður fór yfir nýja tillögu að skiptingu fjármuna milli landshluta, sem hann hefur unnið með Karli, en fyrstu hugmyndir af viðmiðum voru kynntar á samráðsfundi stýrihópsins og landshlutasamtakanna þann 5. desember sl.

# Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

---

Stýrihópurinn samþykkir tillöguna. Lagt er til að hún gildi út allt samningstímabilið, en verði endurskoðuð á miðjum samningstímanum með tilliti til þess hvort gefnar forsendur hafi tekið umtalsverðum breytingum.

Fulltrúi landshlutasamtakanna setur fyrirvara um skiptaregluna þar sem ekki hefur verið leitað álits landshlutanna.

### **3. Frumvarp um byggðaaætlun/sóknaráætlanir.**

Formaður greindi frá því að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafi óskað eftir því að settur yrði niður starfshópur til að vinna nýtt frumvarp um byggðaaætlun og sóknaráætlanir landshlutana. Baldur Sigmundsson, lögfræðingur hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, mun vinna með stýrihópnum að gerð frumvarpsins.

Rifjuð var upp sú vinna sem fram fór á vegum stýrihópsins sumarið 2012 við undirbúning frumvarps til laga um sóknaráætlanir landshluta og þeim drögum sem þá urðu til var dreift.

Vinna við frumvarpið verður unnið í nánu samráði við stýrihópinn. Karl taldi það mikilvægt að sambandið ætti fulltrúa í undirbúningshópnum.

Stefnt er að því að frumvarpið liggi fyrir í byrjun mars svo að koma megi því fyrir á vorþinginu.

### **4. Önnur mál**

#### *a) Lógó fyrir sóknaráætlanir landshluta*

Formaður lagði til að hannað verði sérstakt lógó fyrir sóknaráætlanir landshluta. Fundarmenn tóku vel í það. Stefnt er að því að lógóið verði tilbúið í byrjun febrúar og verði kynnt við undirritun samninga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.50.